

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Elísabet Rán Andrésdóttir
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. apríl 2006
2006040008/42-1
JGO/

Rannsóknamiðstöð á sviði landverndar og landgræðslu - umsögn um tillögu til þingsályktunar, 223. mál

Vísað er til bréfs Landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 12. apríl sl. þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu til þingsályktunar um rannsóknamiðstöð á sviði landverndar og landgræðslu, 223. mál.

Náttúrufræðistofnun telur að hér sé um áhugaverða tillögu að ræða sem beri að taka til athugunar. Stofnunin tekur undir þá skoðun að hér á landi sé fyrir hendi veruleg þekking og reynsla við að stöðva gróðureyðingu og jarðvegsrof og vinna að uppgræðslu lands. Sú þekking getur tvímælaust nýst öðrum þjóðum sem eiga við svipuð vandamál að stríða, en óvíst er hvort ný alþjóðleg rannsóknastofnun sé rétta leiðin til þess. Náttúrufræðistofnun mælir ekki með samþykkt þessarar tillögu til þingsályktunar þar sem þurfi meiri athugun.

Helstu athugasemdir Náttúrufræðistofnunar við tillöguna eru eftirfarandi:

- Að mati Náttúrufræðistofnunar er greinargerðin ekki nægilega ítarleg til að unnt sé að taka afgerandi afstöðu til málsins.
- Í greinargerðinni er málið ekki sett í alþjóðlegt samhengi, þ.e. ekki er getið um sambærilegt rannsókn- og hjálparstarf á vegum Sameinuðu þjóðanna, alþjóðlegra samtaka, erlendra stofnana eða háskóla, sem er tvímælaust talsvert umfangsmikið. Ekki kemur nægilega vel fram hvað Íslendingar hafa fram að færa umfram aðrar þjóðir sem hafa reynslu á sviðinu.
- Landfræðilegar og veðurfarslegar aðstæður hér á landi eru sérstæðar vegna norðlægrar hnattstöðu og vistkerfi því um margt frábrugðin því sem er á helstu rofsvæðum annarsstaðar í heiminum. Það hlýtur að vera mikilvægt til að ná árangri í slíku þróunar- og hjálparstarfi að þekkja vel til aðstæðna, lífríkis, ræktunar og landnýtingar. Spurning er hvort sérfræðingar hér á landi standi jafnfætis sérfræðingum sem hafa reynslu frá suðlægari svæðum.
- Hér á landi hefur menntuðu fólk á þessu sviði fjölgað verulega á síðustu árum. Hér er þó ekki um stóran hóp sérfræðinga að ræða. Stofnunin dregur því í efa að um sambærilega færni og bakland sé að ræða og hvað varðar hérlendar rannsóknir á eldvirkni, jarðhita og fiskveiðum.
- Samkvæmt greinargerðinni yrði sett á fót alþjóðleg rannsóknamiðstöð sem yrði viðbót við þá

flóru stofnana sem nú þegar vinna á þessu sviði hér á landi. Spyrja má hvort besta leiðin til að ná þeim markmiðum sem felast í tillögunni, sé að bæta við nýrri “stofnun”. Að mati Náttúrufræðistofnunar hlýtur að koma eins til greina að fella þetta starf frekar að því sem fyrir er innan eldri stofnana, sem stundum hefur heyrst að æskilegt sé að sameina. Loks vill stofnunin benda á að Rannsóknastofnun landbúnaðarins er ekki lengur til eftir innlimun hennar í Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Jafnframt að Náttúrufræðistofnun hefur nú um langt skeið annast alla gróðurkortagerð landsins, sem áður var vistuð á Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Virðingarfyllt

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS